

Kæru félagar, gleðilega hátíð.

Ég ætla að byrja á því að lesa upp yfirskrift alþýðusambandsins fyrir aðgerðirnar 1. Maí, í ár er hún svohljóðandi:

Jöfnum kjörin – samfélag fyrir alla

Í greinargerð með yfirskriftinni segir:

Kröfur verkalyðshreyfingarinnar í nýloknum kjaraviðræðum endurspeglar það óréttlæti sem hefur verið að læsa sig um íslenskt samfélag.

Ójöfnuður hefur aukist og sífellt fleiri hópar sitja eftir í samfélagi sem hefur alla burði til að gera betur. Þúsundir barna alast upp við fátækt, staða kvenna og einstæðra karla í láglaunastörfum er vægast sagt þröng, margir útlendingar á vinnumarkaði búa við hörmulegar aðstæður og hópur aldraðra og öryrkja nær ekki endum saman. Þetta er ekki ásættanleg staða í einu ríkasta landi heims. Við viljum samfélag þar sem fólk getur lifað með reisn, þar sem öll börn hafa sömu möguleika, þar sem full vinnandi fólk þarf ekki að hokra í fátækt.

Ótal rannsóknir og kannanir sýna að þeim samfélögum farnast best þar sem jöfnuður er mestur. Þar sem enginn er skilinn eftir. Hér á landi er jöfnuður Vissulega meiri en víða annars staðar, en við getum gert svo miklu betur. Hvernig má það vera í samfélagi sem kennir sig við velferð, að skattbyrði þeirra tekjulægstu hefur verið þyngd á meðan skattar þeirra tekjuhæstu lækka. Það er öfugmælavísa úr leikhúsi fátánleikans.

Kröfur verkalyðshreyfingarinnar í viðræðum við atvinnurekendur eru tilraun til að laga þetta óréttlæti. Það er nefnilega nóg til fyrir alla. Jöfnum kjörin í okkar gjöfula landi og búum þannig til gott samfélag fyrir okkur öll.

ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. Maí.

Svo mörg eru þau orð.

Í dag höldum við hátíðlegann baráttudag verkalyðsins, og minnumst þeirra sem börðust fyrir þeim réttindum sem við höfum í dag. En eftir 100 ára baráttu erum við enn að berjast fyrir sumu af því sama og forfeður okkar börðust fyrir. Eins og sagði í yfirskriftinni hér áðan þá er misskipting

og ójöfnuður hér fáránlega mikill, þrátt fyrir allan auðinn sem við búum við hér í þessu landi alsnægtanna. Á 9 ára fresti, (að jafnaði,) síðastliðin 100 ár hefur hinn örsmái gjaldmiðill þessa lands, hrapað í verðgildi, með þeim afleiðingum að við sem vinnum við að skapa auðlegð þjóðarinnar töpum stóru hluta eigna okkar á báli verðbólgu, en þeir sem sópað hafa að sér meiri auðæfum en næstu 3 kynslóðir geta sóað, hagnast enn meir á gengisfallinu, á okkar kostnað, því það virðist vera svo að það séu önnur lög sem þeir þurfa að lifa eftir heldur en við hin.

Þrátt fyrir þessar kollsteypur, kreppur og efnahagshrun líða aldrei meir en nokkur ár þar til aftur er farið að tala um að nú sé komin ný bóla, og það sé hætta á nýju hruni. En á þessum nokkru árum hefur verkalýður þessa lands með dugnaði sínum, ósérhlífni og lágu launum, skapað verðmæti sem duga til að reisa landið úr rústum. En þegar við svo biðjum um smá í viðbót af þeirri köku sem við áttum stærstan hlut í að baka, þá erum við í besta falli frekjur, og að það muni enda með ósköpum ef sauðsvartur almúginn eigi að fara að fá mannsæmandi laun fyrir vinnu sína. Að maður tali nú ekki um að geta lifað mannsæmandi lífi á þeim.

Og þá vitna ég í mannréttindayfirlýsingu smeinuðupjóðanna

“Allir, sem vinnu stunda, skulu bera úr býtum sanngjarnt og hagstætt endurgjald er tryggi þeim og fjölskyldum þeirra mannsæmandi lífskjör.”

Íslenskt láglaunafólk er ávallt látið bera ábyrgð á þeim meinta „*stöðugleika*“ sem bæði ríkisvaldið og Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á í sínum málflutningi. Er ekki nóg komið? Við köllum eftir upprætingu á því siðferðisrofi, virðingarleysi og misskiptingu sem viðgengst í samfélaginu og gerum kröfu um samfélagslega ábyrgð allra. Í nýsamþykktum kjarasamningum teljum við, okkur vera að sýna samfélagslega ábyrgð. En okkar ábyrgð nær ekki nema ákveðið langt, ábyrgð stjórnvalda er nú að standa við sinn hluta samninganna og lækka vexti, endurskoða vægi verðtryggingarinnar, koma algerlega í veg fyrir kennitölufلاك, og gera launapjófnað refsiverðann. En maður hefur áhyggjur að efndum þegar ráðherrar lýsa yfir áhyggjum af því, hvort það sé ekki íþyngjandi að geta ekki notað “PRO BÍLA” eða haft “MENN Í VINNU”

Þegar maður heyrir slík ramakvein, finnst manni sorglegt að það fyrsta sem manni detti í hug sé sama mannréttindayfirlýsing sameinuðupjóðanna, þar sem stendur:

“ Engum skal haldið í þrældómi eða þrælkun. Hvers konar þrældómur og þrælaverslun skulu bönnuð.”

Verkalýðsbaráttan er þannig orðin meira en bara kjarabarátta, í dag erum við líka lögverðir og þurfum að fylgjast með hvort sjálfsgöð mannréttindi séu brotin á verkafólki. Atvinnulífið þarf líka að standa við sinn hluta samningsins og stilla verðhækkunum í hóf. Og þar kemur að þriðja hlutverki okkar, að vera virkir neytendur, við þurfum líka að hafa í huga að við erum neytendur, við getum haft mjög mikil áhrif með veskinu okkar. Með því að íhuga hvar við verslum.

Og eins og ég sagði hér áðan, misskipting þeirra allsnægtargæða sem þessi jörð býður uppá er skammarleg.

Nýjasta dæmið um misskiptingu auðs í heiminum eru miljarðarnir sem gefnir eru til að endurbyggja 1000 ára gamalt hús sem brann, á meðan svelta miljónir barna heilu hungri.

Kæru félagar,

baráttan heldur alltaf áfram, baráttan fyrir jafnara og betra lífi.

Lifið heil.